

Nautgripir

Nautgripirnir eru sérstakar skepnur. Þeir fara oft sínar eigin leiðir og eru síður en svo heimsk dýr eins og oft er sagt. Forfeður íslensku nautgripanna sem komu með landnámsmönnum voru flestir bröndóttir, hyrndir og gengu úti allt árið. En í dag eru íslensku nautgripirnir flestir kollóttir, þ.e. með engin horn og litaflóran mjög fjölbreytt. Má nefna liti eins og rauðskjöldótt, bröndótt og svart og alla þessa liti er hægt að finna í Húsdýragarðinum, 3 kúr og 3 kálfa. Fjölskyldugerðin er kúr, naut og kálfar. Oftast fá naut á Íslandi ekki að lifa lengi því nautakjöt er vinsælt og best þegar gripurinn er á aldrinum 2-4 ára.

Hvað eru margar kúr í Húsdýragarðinum?

Voru nautgripir eitt af landnámsdýrunum?

Ná nautin að verða gömul á Íslandi?

Flestir nautgripir eru hyrndir á Íslandi?

_____ Satt

_____ Ósatt

Tengið saman rétt orð:

Fjórir dýr

Hringur mjaltakerfi

Rör- haldari

Júgur- spenar

Jórtur- naut

Kindur

Sauðfé er misjafnt eins það er margt, og oft hefur heyrst máltækið; misjafn sauður í mörgu fé. Það þýðir einfaldlega að ekki eru allir steypdir í sama mótið og kindur hafa persónuleika og skap líkt og maðurinn. Sérstakt kyn er að finna í Húsdýragarðinum er nefnist forystukyn. Forystuær fer ávallt fremst í rekstri og ratar heim á leið í hvaða veðrum sem er. Til að þekkja sundur féð frá mismundandi stöðum og bæjum notast menn við sérstök fjármörk. Þar má finna sem dæmi stúfrifað, biti aftan, stýft, sýlt, alheilt og fjöður framan.

Merkið við þá liti sem finnast í íslensku fé:

___ Göldrótt ___ Móbotnótt ___ Svartbíldótt ___ Fjólublátt

Hvað nefnist það fé sem fer fremst í rekstri?

Það sem helst er nýtt af sauðfé í dag er kjöt, ull, innmatur og hausar?

___ Satt ___ Ósatt

Hvað kallast það þegar ullin er tekin af ánum?

___ Rúningur ___ Þær eru kembdar ___ Klipping

Hér fyrir neðan er tilvalið fyrir ykkur að rifja upp heimsókn í fjárhús eða í göngur og réttir og rita öll þau kindanöfn sem þið munið og ef þið munið engin þá um að gera að búa til ykkar eigin kindanöfn.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____

Svín

Svínadalur, Svínavatn, Galtarholt og Grísaból. Svona mætti lengi telja upp hin ýmsu örnefni sem til eru á landinu og augljóst er á því að svínin hafa fylgt manningum frá landnámstíð. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og þau svín sem ræktuð eru á landinu í dag eru mjög kynbætt. Það þýðir að búið er að flytja inn svín frá öðrum löndum til að blandast þeim stofni sem fyrir var. Það er gert til að gera svínin arðmeiri, þ.e. kjötið gert betra og til að hraða vexti þeirra. Landkyn kallast það kyn sem er lengst búið að þróast hér á landi og er hvítt að lit en einnig eru til hvít svín með svörtum flekkum. Meðganga gylta eru 3 mánuðir, 3 vikur og 3 dagar.

Eru bara til íslensk landnámssvín hér á landi?

Já

Nei

Merkið við hvað meðganga er yfirleitt löng hjá svínum?

3 mánuðir

Tæplega 4 mánuðir

2 ½ mánuður

Hvað eru yfirleitt margir spenar á gyltum?

Það er stutt síðan svín voru flutt til landsins?

Satt

Ósatt

Merkið við það orð sem á ekki við upptalninguna hér að neðan og skrifið síðan hin orðin þar sem þau eiga við á myndinni.

Læri


Klaufir

Baconsneiðar

Trýni

Rófa

Eyru



Geitur

Það eru ekki margar geitur til á Íslandi, þær eru einungis um 400 talsins. Það var reynt að rækta geitur á sínum tíma líkt og sauðfé og voru á tímabili vinsælar sökum þess að bændur gátu haft þær á léttari fóðrum yfir vetrartímann. Geitur eru þekktar fyrir vörur eins og geitaost sem unnin eru úr geitamjólk og peysur sem unnar eru úr kasmírull. Sú ull kemur af sérstakri tegund geita í heiminum. Sú ull sem kembd er af geitunum hér á landi er ekki fjarri því að líkjast kasmírull, það þýðir að geiturnar eru með mjög þétt og mikið þel (fiðu). Algengasti litur á íslensku geitunum er svartfleckkóttur (80%) en hinn liturinn hvítur (20%) og allflestar hyrndar.

Flestar geitur á landinu eru hyrndar (með horn)?

___ Satt

___ Ósatt

Sú geit sem er með stærsta skeggið og ennistoppinn kallast:

___ Geithafur

___ Geitapabbi

___ Huðna

Geitur á Íslandi eru yfir 1000 talsins?

___ Satt

___ Ósatt

Hvað heita afkvæmi geita? _____

Geitur á Íslandi eru allflestar hvernig á litinn?

Raðið saman þeim orðum sem eiga saman:

Geit-	ostur
Kasmír-	kambur
Kið-	ull
Geita-	hafur
Ullar-	lingur

Selir – hreindýr – refir – minkar

Selskinn, refaskinn, minkaskinn og feldur af hreindýri. Allt þetta þekkjum við og marga dreymir um að eignast slíkt. En þekkjum við það sem býr innundir skinnunum?

Heimili refa kallast greni en hjá minkunum er það í raun hola, því þeir reyna að finna sér hola í jörðinni sem þegar er til staðar. Minka má helst finna nálægt vatni, á eða sjó. Refirnir er eina spendýrið sem hefur verið hér á landi frá því fyrir landnámstíð og dreifir sér um allt land. Hreindýrin íslensku halda sig á hálendinu á Austurlandi mestan hluta úr árinu. Hreindýr elska að fá sér hreindýramosa, fléttur af steinum og fjallgrös. Tvær tegundir af selum halda sig við strendur Íslands, landselir og útselir. Þeir geta kafað lengi til að ná sér í fæðu, þeir ná sér í þorsk, síld og ufsa.

Hvað af þessum spendýrum kom fyrst til Íslands?

Selir Refir Hreindýr minkar

Hvort eru hreindýrin klaufdýr eða hófdýr? _____

Minkar finnast helst nálægt steyptum útihúsum?

Satt Ósatt

Hvort myndu hreindýr borða frekar; túnfífil eða mosa?

Selir hafa heitt blóð en lifa í köldu vatni, hvað heldur á þeim hita?

Hafa selir eyru, og ef svo er; heyra þeir vel?

Heimasíða Fjölskyldu- og húsdýragarðsins:

www.mu.is

Netfang: postur@husdyragardur.is